

**Ed.**

**508. Nefndarálit**

[259. mál]

um frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Í neðri deild voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu. M. a. var felldur niður 5% söluskattauki þrátt fyrir mikla lækkun tekjuskatts, og mundi það tákna 3400 millj. kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. Einnig voru felldar niður tekjur ríkissjóðs af 1½% launaskatti, og nemur sú tekjurýrnun um 450 millj. kr. á árinu 1974, ef að lögum yrði. Jafnframt var samþykkt að veita ríkisstjórninni heimild til að lækka fjárveitingar skv. fjárlögum ársins 1974 um allt að 1500 millj. kr., og tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum. Meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallist á svo stórfellt tekjutap ríkissjóðs né heldur hitt að veita ríkisstjórninni heimild í þessu formi til lækkunar á ríkisútgjöldum, sem m. a. fæli í sér heimild til breytinga á margháttaðri löggjöf.

Meiri hluti nefndarinnar mælir því með því, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

**BREYTINGUM:**

1. Á eftir 7. gr. komi ný gr. (verður 8. gr.), er orðist svo:  
1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 3/1970) orðist svo:  
Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 11% — ellefu af hundraði — söluskatt og auk þess 5% — fimm af hundraði — söluskattauka, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.
2. Við 17. gr. (verður 18. gr.). Greinin orðist svo:  
Ákvæði til bráðabirgða (sbr. l. nr. 101/1973) orðist svo:  
Frá 1. apríl 1974 og til loka ársins 1974 skal fjárhæð almenns launaskatts auka skv. 8. gr. þessara laga. Kauplagn nefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.
4. Við 18. gr. (verður 20. gr) bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Úr gildi falla lög nr. 61/1964, um breyting á lögum nr. 10/1960, um sölu-skatt, svo og lög nr. 3/1970, um breyting á sömu lögum.
5. Við ákvæði til bráðabirgða. IV. töluliður falli niður.

Alþingi, 15. mars 1974.

Ragnar Arnalds,  
form., frsm.

Páll Þorsteinsson,  
fundaskr.  
Björn Jónsson.

Bjarni Guðbjörnsson.